

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 19. september 2007 í máli nr. Y-3/2007:

**Kristján Stefánsson**

**gegn**

**Tollstjóraembættinu**

### I

Málið barst dóminum 21. mars sl. og var þingfest 13. apríl sl. Það var tekið til úrskurðar 5. september sl.

Sóknaraðili er Kristján Stefánsson, Frostaskjólí 81, Reykjavík.

Varnaraðili er tollstjórinn í Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að fjárnám, nr. 011-2006-01560, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá honum 26. janúar sl. í bifreiðinni LI-225, verði fellt úr gildi. Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að fjárnámið verði staðfest og sér úrskurðaður málskostnaður.

### II

Málavextir eru þeir að 8. febrúar 2006 krafðist sóknaraðili þess að sýslumaðurinn í Reykjavík gerði fjárnám hjá varnaraðila til tryggingar skuld að fjárhæð 1.423.549 krónur. Með beiðninni fylgdi greiðslustöðuyfirlit varnaraðila þar sem fram kemur að hann skuldi þessa fjárhæð í opinber gjöld og dráttarvexti auk aðfarargjalds.

Sýslumaður tók beiðnina fyrir 26. janúar sl. og var mætt af hálfu sóknaraðila (gerðarþola). Lagði lögmaður hans fram gögn er hann taldi sýna að skuldin væri greidd. Var um að ræða kvittun frá varnaraðila sem sýndi að 23. janúar 2007 hefði sóknaraðili greitt 730.073 krónur í opinber gjöld. Lögmaður sóknaraðila (gerðarbeiðanda) mótmælti “því að krafan sé greidd vegna þess að hún hafi verið felld niður við álagningarvinnu í júlí 2004. Við það myndaðist inneign og var henni skuldajafnað upp í opinber gjöld ársins 2004. Ný krafa myndaðist við

skattbreytingu þann 15. mars 2005 og telur lögmaður gerðarbeiðanda þá kröfu vera ógreidda og vera grundvöllur gerðar þessarar.” Var síðan gert fjárnám í bifreið sóknaraðila.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum þannig að hann sé sjálfstæður atvinnurekandi sem skili mánaðarlega inn skilagreinum. Hafi hann að fullu staðið skil á gjöldum fyrir þau tímabil sem varnaraðili krafðist fjárnáms fyrir. Lokagreiðsluna hafi hann greitt 23. janúar 2007 og því verið skuldlaus þegar fjárnámið var gert. Síðan segir að sóknaraðili “geti ekki borið ábyrgð á athöfnum varnaraðila, er hann tók upp á því eftir að staðið var í skilum með tryggingargjöld, að fella þau niður af einhverjum ókunnum ástæðum og millifæra inneignir á eitthvað annað með skuldajöfnun, sem talið var að sóknaraðili skuldaði. Slíkt hafi varnaraðila verið óheimilt og algerlega ólögmeitt nema með leyfi og vitund sóknaraðila. Sóknaraðila hafi ekki verið tilkynnt um inneignir sínar né gefinn kostur á því að tjá sig um þær né til hvers ætti að nota eða skuldajafna. Hafi varnaraðila verið skylt um leið og inneign myndaðist hjá sóknaraðila að greiða honum inneign sína skilyrðislaust og án tafar. Það hafi hann hins vegar ekki gert. Síðar mun hafa komið í ljós að niðurfelling eða lækkun tryggingargjalda sóknaraðila fyrir árin 2003 og 2004 hafi verið mistök. Endurvakti þá varnaraðili þær kröfur, sem höfðu verið greiddar að fullu, og stofnaði til skuldar hjá sóknaraðila.”

Varnaraðili kveður óumdeilt að sóknaraðili hafi skilað inn skilagreinum mánaðarlega og greitt samkvæmt þeim, en þar hafi verið um bráðabirgðagreiðslur að ræða. Hann hafi hins vegar ekki skilað inn sérstöku launaframtali innan framtalsfrests og því hafi skattstjóri áætlað á hann fjárhæð tryggingargjalds. Síðan segir varnaraðili: “Við álagningarvinnslu skattstjóra er byrjað á að fella niður mánaðarleg bráðabirgðaskil og síðan er hin eiginlega álagning lesin inn, sem að í tilfelli sóknaraðila var áætluð í tryggingargjaldi þar sem að skattframtali 2004 (vegna tekjuárs 2003) var ekki skilað innan framtalsfrests. Áætluð álagning skattstjóra hvað varðar tryggingagjöld ársins 2003 var hins vegar lægri en mánaðarleg bráðabirgðaskil á árinu 2003 og því myndaðist inneign í tryggingagjaldi (SJ 2003) í álagningarvinnu ársins 2004. Í álagningarvinnslu skattstjóra árið 2005 var tryggingagjald hins vegar áætlað hærra en bráðabirgðaskil á árinu 2004 (SJ 2004). Áætlanir skattstjóra voru birtar sóknaraðila með skattseðlum sendum á heimili hans ...” Síðan segir: “Þar sem áætlun skattstjóra vegna tryggingagjalds var lægri en bráðabirgðaskil, var inneign í tryggingagjaldi 2003 (SJ 2003) notuð til að skuldajafna innan tryggingagjalds og upp í fyrsta gjalddaga þing- og sveitarsjóðsgjalda (AB 2004) hjá sóknaraðila og maka hans, sbr. dskj. nr. 14. Tilkynnt var um þann skuldajöfnuð á innheimtuseðli 2004, sbr. dskj. nr. 12. Skuldajöfnuður þessi varð því til þess að skuld í þing- og sveitarsjóðsgjöldum (AB) lækkaði sem því nam og eftirstöðvarnar greiddi sóknaraðili þann 23. janúar sl., sbr. dskj. nr. 3. Við skattbreytingu í tryggingagjaldi 2004 (SJ 2004), sem átti sér stað þann 25. október 2005, varð til inneign á einu tímabili og henni var skuldajafnað innan tryggingagjalds, sbr. dskj. nr. 14. Annars var um hækkunar að ræða.” Varnaraðili kveður sóknaraðila ekki hafa sinnt áskorunum um að greiða og því hafi verið krafist fjárnáms eins og áður segir. Fjárnám var gert 26. janúar sl. og hafi þá skuld sóknaraðila verið 537.352 krónur,

en nokkrum dögum áður hafi hann greitt inn á skuldina þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafi aðeins verið hluti af fjárnámskröfunni.

### III

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi verið búinn að greiða skuld sína við varnaraðila áður en fjárnámið var gert og beri því að fella það úr gildi.

Varnaraðili byggir á því að lögð hafi verið opinber gjöld á sóknaraðila í samræmi við gildandi lög og þar eð krafa sín á hendur sóknaraðila hafi ekki verið greidd þegar fjárnámið var gert beri að staðfesta það.

### IV

Þegar varnaraðili krafðist fjárnáms hjá sóknaraðila 8. febrúar 2006 kvað hann skuld hans nema samtals 1.423.549 krónum. Höfuðstóll skuldarinnar, 1.238.892 krónur, skiptist í þing- og sveitarsjóðsgjöld, tryggingagjald og virðisaukaskatt samkvæmt greiðslustöðuyfirliti sem lagt var fram við fjárnámið. Fjárnámið var gert 26. janúar 2007 og samkvæmt greinargerð varnaraðila var skuld sóknaraðila þann dag 537.352 krónur. Engu að síður var fjárnám gert fyrir skuldinni eins og hún hafði verið 8. febrúar 2006.

Það er meginmálsástæða sóknaraðila að hann hafi verið skuldlaus við varnaraðila þegar fjárnámið var gert og beri því að fella það úr gildi. Í málatilbúnaði sínum fjallar sóknaraðili eingöngu um tryggingagjald sem honum bar að greiða. Af gögnum málsins má sjá að hann hefur greitt tryggingagjald samkvæmt áætlun, en síðar breytti álagning skattstjóra þeirri áætlun og á einhverjum tíma var sóknaraðili í skuld við varnaraðila og á öðrum tíma átti hann inni hjá honum. Fyrir þessu er þó engin nánari grein gerð tölulega í greinargerð sóknaraðila. Þar er heldur engin afstaða tekin til þess hvort sóknaraðili hafi skuldað önnur gjöld en tryggingagjald. Af hálfu varnaraðila hefur hins vegar verið sýnt fram á að fjárnámið var gert til tryggingar greiðslu á ýmsum opinberum gjöldum sem sóknaraðili skuldaði, en ekki eingöngu tryggingagjaldi. Varnaraðili hefur lagt fram gögn er sýna að sóknaraðili skuldaði 537.352 krónur í opinber gjöld daginn sem fjárnámið var gert. Þessu hefur sóknaraðili ekki hnekk og verður fjárnámið því staðfest en fjárhæð þess breytt samkvæmt framansögðu, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989. Málskostnaður skal falla niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

## Úrskurðarorð.

Fjárnám nr. 011-2006-01560 sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá sóknaraðila, Kristjáni Stefánssyni, 26. janúar 2007, í bifreiðinni LI-225 er staðfest, en breytt þannig að það verði til tryggingar skuld við varnaraðila, tollstjórnann í Reykjavík, að fjárhæð 537.352 krónur auk vaxta og kostnaðar.

Málkostnaður fellur niður.

Arngrímur Ísberg